

Stefnumótun

Stefnur

Nú í byrjun árs 2011 litu drög að Skólastefnu leikskóla Dalvíkurbyggðar dagsins ljós. Stefnan hefur verið samþykkt af fræðsluráði en hefur enn ekki verið afgreidd af bæjarstjórn. Drögin má finna á heimasíðu sveitarfélagsins undir:

<http://www.dalvik.is/resources/Files/Reglugerdir/fraedslu/leikskolastefna%2c-eintak-fra-mars-2011.pdf>

Í skoðun er að hefja vinnu við mótun tveggja nýrra stefna hjá skólum sveitarfélagsins. Annars vegar heildstæðrar læsisstefnu, um áherslur og vinnubrögð í lestri meðan á skólagöngu barna stendur. Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, sérkennari við grunnskólann mun leggja línurnar í vinnunni en hún hefur nýlega gefið út bókina Eflum leskilning sem er lokaverkefni hennar í meistaranámi frá Háskóla Íslands. Hins vegar stendur til að móta stefnu um þjónustu við nemendur með annað móðurmál en íslensku í skólum sveitarfélagsins.

Skólanámskrár

Nýlega lauk vinnu við skólanámskrá Krílakots og hefur sú námskrá verið samþykkt og tekið gildi. Skólanámskrá Krílakots má finna á heimasíðu skólans á slóðinni:

http://www.dalvik.is/resources/Files/krilakot/Namskra_Krilakots_a_neid.pdf

Leikskólinn Leikbær, leikskólinn Kátakot og Tónlistarskóli Dalvíkurbyggðar stefna á að ljúka vinnu við skólanámskrár á vordögum og að þær fái samþykktir fyrir sumarbyrjun. Grunnskóli Dalvíkurbyggðar stefnir á að fá samþykkt á nýrri skólanámskrá sinni í ágúst þessa árs.



Uppbyggingarstefnan

Leikskólar, grunnskóli og tónlistarskóli sveitarfélagsins hafa í vetur unnið að fræðslu starfsfólks um Uppbyggingarstefnuna. Haldið var námskeiðið Uppbygging 1 í ágúst síðastliðinn og var því fylgt eftir með leshringjum sem starfsfólk skólanna tók þátt í. Þann 19. ágúst næstkomandi verður haldið annað námskeið um Uppbyggingarstefnuna fyrir starfsfólk grunnskólans. Fyrirlesari á því námskeiði er Joel Shimoji, bandarískur fyrirlesari en hann þykir mjög fær á sínu sviði. Stefnt er að frekara námskeiðshaldi fyrir starfsfólk leikskóla.

Það má segja að skólarnir séu að taka sín fyrstu skref í innleiðingarferlinu en gera má ráð fyrir að ferlið taki nokkur ár.



Styrkúthlutanir til fræðslumála í vetur

Nú í janúar veitti Menntamálaráðuneytið fræðsluviði Dalvíkurbyggðar styrk til að halda íslenskunámskeið fyrir foreldra leikskólabarna af erlendum uppruna. Námskeiðið er haldið á Krílakoti í mars og apríl en erlendum foreldrum barna á Leikbæ, Kátakoti og Krílakoti er boðið að taka þátt í námskeiðinu.

Í mars hlaut fræðsluviðið styrk frá Menntamálaráðuneytinu til efla þjónustu við langveik börn og börn með ADHD.



Fréttabréf Fræðsluviðs Dalvíkurbyggðar

2. TBL.
MARS 2011
ÁBYRGÐ: HILDUR ÖSP/HELGA BJÖRT



Ég sé, og ég gleymi.

Ég heyri, og ég man.

Ég framkvæmi, og ég skil.

Lao Tse



Grunnskólinn

Árskógur

Nokkur fækkun hefur verið á nemendafjölda Árskógarskóla á síðustu árum og er það áhyggjuefni. Nýlega var haldinn íbúafundur þar sem m.a. var rætt um framtíð Árskógarskóla. Þar kom fram að mikill vilji er fyrir því að halda uppi öflugum skólastarfi í Árskógi.

Ýmsar hugmyndir komu fram á fundinum, t.d. sú að sameina leikskólann Leikbæ og Árskógarskóla í nýjan sjálfstæðan skóla. Nokkur góð rök eru fyrir sameiningu skólanna, Leikbær glímir við pláss – og aðstöðuleysi á meðan Árskógarskóli hefur rúmt húsnæði, í báðum skólunum er áhugi á úti-kennslu, samstarf skólanna tveggja hefur gengið vel og hægt væri að samnýta frekar styrkleika starfsfólks beggja skólanna. Hugmyndin um sameiningu er í skoðun og möguleg framkvæmd yrði í fyrsta lagi haustið 2012 ef farið verður lengra með hugmyndina. Starfshópur með fulltrúum beggja skóla og fræðslu-skrifstofu mun skoða þau mál frekar.



Grunnskóli Dalvíkurbyggðar

Mikil gróska er í þróunarstarfi í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar um þessar mundir. Þróunarverkefnið Töfraheimur stærðfræðinnar fór í gang í upphafi vetrar undir stjórn Dórópeu Reimarsdóttur en það gengur út á að kennarar horfi á stærðfræðina í nýju ljósi. Sem dæmi má nefna áherslu á að íprótta – og verkgreinakenningar flétti stærðfræði inn í kennsluna og að kennarar sjái möguleika á stærðfræðikennslu óháðri bókum.

Fleiri nýjungar eru í grunnskólanum, m.a. innleiðing Byrjendalæsis á yngri stigunum, innleiðing Uppbyggingarstefunnar og lokaspættur í að verða Grænánaskóli.

Leikskólarnir

Útikennsluferð

Fimm starfsmenn Leikbæjar auk 3ja frá Kátakoti og einn af fræðslu-sviði fóru á haustdögum til Svíþjóðar til að kynna sér útikennslu í leikskólum. Sótt var dagsnámskeið í hugmyndafræði og aðferðum útikennslu og tveir útikennsluleikskólar voru heimsóttir. Starfsmenn fengu styrki hjá stéttarfélögum sínum til að fjármagna ferðina.

Það var einróma álit allra að ferðin hefði lukkast vel og verið sérlega gagnleg fyrir faglegt starf leikskólanna. Frekari upplýsingar eru um útikennslu á heimasíðu Leikbæjar <http://leikbaer.dalvik.is/>



Þróunarverkefni

Í leikskólunum heldur margþætt þróunarstarf áfram. Á Leikbæ er unnið með útikennslu, í Töfraheimi stærðfræðinnar og með fjölmenningu, á Krílakoti er unnið með Könnunarleikinn og í Comeniusarverkefninu, á Kátakoti er unnið með útikennslu og í Töfraheimi stærðfræðinnar. Allir leikskólarnir taka þátt í Tónar eiga tóframál, Leikskólalæsi, að innleiða Uppbyggingarstefnuna og stefna á að flagga Grænánanum í haust. Hægt er að lesa um þróunar-verkefni á heimasíðum leikskólanna og á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.dalvik.is/Stjornsysla/Fraedslu--og-menningarsvid/THrounarvekefni-i-skolunum/>

Úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins

Í haust sóttu Leikbær og Krílakot um að komast í heildræna úttekt á skólastarfi á vegum Menntamálaráðuneytisins. Leikbær var valinn í úttekt og mun hún fara fram á vormisseri 2011. Fyrirtækið Attendus ehf. mun framkvæma úttektina.

Leikskólarnir frh

Breytingar í stjórnun á leikskólunum

Lárey Valbjörnsdóttir sagði starfi sínu lausu sem aðstoðarleikskóla-stjóri á Kátakoti nú í janúar. Steinunn Guðnadóttir, leikskólakennari hefur verið ráðin í hennar stað.

Dagbjört Ásgeirsdóttir leikskólastjóri Krílakots hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 1. júní 2011. Anna Kolbrún Árnadóttir, grunn- og leikskólakennari hefur verið ráðin í hennar starf og mun hefja störf í lok maí næstkomandi.



Eitt og annað

Aukin vistunarymi

Í Dalvíkurbyggð voru árgangar fæddir 2008 og 2009 nokkuð fjölmennari en árin á undan og er slík fjölgun barna mikið gleðiefni. Til að bregðast við þessari fjölgun hefur verið ákveðið að bæta við 4-5 vistunarplássum á Leikbæ, bæta færnanlegri kennslustofu við Kátakot svo hægt sé að taka á móti tveimur árgöngum þar áfram og fjölga leikskólaplássum. Nýlega veitti svo félagssvið nýrri dagmóður starfsleyfi.

Frístund flytur

Frístundastarf barna í 1.-4. bekk, að skóladegi loknum mun flytja í Víkurróst næsta vetur. Farið verður í breytingar á húsnæðinu næsta sumar þannig að starfið geti hafist að fullum krafti við skólabyrjun.